



Skólaráðsfundur 5. nóvember 2025

Fundinn sátu: Karitas Björnsdóttir, Sigurlaug Lilja Halldórsdóttir, Emma Sif Björnsdóttir, Þ. Elenóra Jónsdóttir, Kristján Bjarni Halldórsson og Hallfríður Sverrisdóttir, sem ritaði fundargerð.

Fulltrúar nemenda: Emilía Ragnheiður og Hafþór Ingi í 10. bekk.

Kristján bauð fundarmenn velkomna á þennan fyrsta fund skólaráðs á þessu skólaári.

Gert er ráð fyrir að skólaráð fundi einu sinni í mánuði í vetur á fyrsta miðvikudegi hvers mánaðar. Farið var yfir tillögu skólastjórnenda að fundaskipulagi og það samþykkt.

Fundaskipulag:

5. nóvember

3. desember

11. febrúar

4. mars

8. apríl

6. maí

Hlutverk skólaráðs.

Kristján kynnti hlutverk skólaráðs, helstu verkefni og fór yfir reglur um skólaráð:

<https://island.is/reglugerdir/nr/1157-2008>

Starfsreglur skólaráðs Árskóla eru aðgengilegar á vef skólans:

<https://www.arskoli.is/static/files/Skolarad/starfsreglur-skolarads-arskola-2011.pdf>

Önnur mál.

Skólaakstur innanbæjar. Rætt um styttingu á tímabili skólaaksturs innanbæjar í vetur og vandamál sem því fylgja. Skólaráð lýsir yfir áhyggjum sínum af aukinni umferð við skólann, sérstaklega á morgnana þegar ekki er boðið upp á skólaakstur og mjög margir foreldrar keyra með börn sín í skólann.

Á fundinum var samþykkt ályktun til sveitarfélagsins um innanbæjaraksturinn.

Skólaráð lýsir áhyggjum sínum vegna styttingar á tímabili skólaaksturs innanbæjar á þessu skólaári. Styttingin hefur í för með sér aukna bílaumferð í kringum skólann sem getur skapað hættu fyrir gangandi umferð í myrkri eða slæmu skyggni og færð. Einnig má benda á að aukin bílaumferð hefur í för með sér stærra kolefnisspor.

Hús frítímans. Rætt um úrræði fyrir nemendur í 3. og 4. bekk í Húsi frítímans.

Fræðsla innan skólans. Börn og netmiðlar - fræðsla um miðlalæsi og félagslegt netöryggi fyrir börn og ungmenni fyrir 5. - 10. bekk verður í skólanum 27. nóvember. Gert er ráð fyrir foreldrafræðslu um sama efni seinnipartinn þann dag. Fundarmenn lýstu ánægju sinni með það.

Til stóð að hafa fræðslu fyrir nemendur unglingastigs frá Samtökunum 78 í vikunni, en ekki tókst að finna tímasetningu sem hentaði. Fræðslunni verður því frestað fram yfir áramót.